

## REGLUR

### **um afnám reglna nr. 373, 29. apríl 2004, um bann við netaveiði göngusilungs við Eyjafjörð.**

1. gr.

Með hliðsjón af ítarlegri ákvæðum nýrra laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði varðandi netaveiðar á göngusilungi í sjó eru felldar úr gildi reglur nr. 373, 29. apríl 2004, um bann við netaveiði göngusilungs við Eyjafjörð.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 15. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, öðlast gildi við birtingu.

3. gr.

Reglur þessar fella ekki úr gildi auglýsingu nr. 197/1943 um bann við veiði göngusilungs við Fnjóskárósa.

*Landbúnaðarstofnun, 11. júní 2007.*

**Jón Gíslason** forstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 15. júní 2007